

Svör við spurningum Margrétar Þórarinsdóttur (M) bæjarráði Reykjanesbæjar

1. Samkvæmt innritunarreglum Reykjanesbæjar er miðað við að inntökualdur í leikskóla sé á því ári sem barn verður tveggja ára. Samkvæmt því er ekkert barn á biðlista eins og staðan er 18. maí. Öllum börnum fæddum árið 2019 sem áttu umsókn um leikskóla hefur verið boðið pláss. Um 30 börnum fæddum 2020 hefur einnig verið boðið pláss í þeim leikskólum sem til þess hafa svigrúm.
2. Hægt er að sækja um leikskólapláss strax við fæðingu barns. Algengt er að foreldrar sækja um fyrir börn sín á bilinu 0-12 mánaða eða á meðan á fæðingarorlofi stendur. Biðtíminn inn á leikskóla er því þeir mánuðir sem líða frá áramótum og þar til leikskólaganga hefst. Flest börn byrja í ágúst eftir að sumarfríi lýkur.
3. Þau börn sem eru skráð inn í umsóknarkerfi um leikskólavist í dag eru fædd 2020 og 2021. Börn fædd fyrr (2018, 2017, 2016) eru þá yfirleitt ný flutt í bæjarfélagið og reynt er að útvega þeim leikskólapláss sem fyrst.
4. Þau 69 börn sem nú dvelja í leikskóladeild Stapaskóla eru á aldrinum 2ja til 6 ára. Eitt barn 18 mánaða mun byrja í leikskólanum í sumar.
5. Það eru 20 dagforeldrar með starfsleyfi í Reykjanesbæ 1. maí 2021.
6. Það eru 6 dagforeldrar sem hafa hætt störfum á síðustu 2 árum. Misjafnar ástæður liggja þar að baki, tveir létu af störfum vegna aldurs, þrír fluttu í önnur sveitarfélög, ein fór í leikskólakennaranám og ein fór í önnur störf. Rétt er að geta þess að tvö ný leyfi voru veitt í vetur. Dagforeldrar í Reykjanesbæ er reynslumikill og góður hópur og flestir með langan starfsaldur. En samfélagið er að taka breytingum og það er mikil krafa frá foreldrum ungra barna að fá sem fyrst leikskólapláss fyrir börn sín.
7. Ekki hefur verið mótuð nein framtíðarstefna varðandi dagforeldra í Reykjanesbæ. Nýlega var fæðingarorlof fært upp í 12 mánuði. Mörg sveitarfélög bjóða börnum niður í 12 mánaða leikskólavist. Það er framtíðarstefna að leikskólar Reykjanesbæjar geti tekið við börnum frá því að fæðingarorlofi lýkur. Það mun taka tíma að ná því markmiði og á meðan vinna dagforeldrar og leikskólar í Reykjanesbæ saman að því að sinna umönnun og námi ungra barna.

Ingibjörg Bryndís Hilmarsdóttir
Leikskólafulltrúi fræðslusviði
Reykjanesbær 19. maí 2021